

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

*sent í gegnum samráðsgátt stjórnvalda*

## **Efni: Sameiginlegar athugasemdir Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi og Náttúruverndarsamtaka Suðurlands við drög að frumvarpi til laga um Hálandisþjóðgarð**

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi og Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) ítreka áður framkominn stuðning sinn við stofnun Hálandisþjóðgarðs.

Stjórnir samtakanna hafa kynnt sér drög að frumvarpi til laga um Hálandisþjóðgarð, sem til umsagnar eru á samráðsgátt stjórnvalda. Fyrr hafa fulltrúar samtakanna sent frá sér athugasemdir og ábendingar er varða undirbúning stofnunar þjóðgarðsins, sem og sótt allnokkra fundi um málið.

Fyrsta athugasemd Eldvatna og NSS hér er sú að ekki er að sjá að við gerð frumvarpsdraganna hafi á nokkurn hátt verið tekið tillit til nokkurra þeirra mörgu athugasemda og ábendinga samtakanna sem fram hafa komið í ferlinu, enda litu drögin ljós einungis tveimur dögum eftir að síðustu umsagnir og athugasemdir við áform um þau komu fram. **Eldvötn og NSS benda á að þegar þjóðgarði er komið á stofn er gríðarlega áriðandi að virkt samráð eigi sér stað og að einstaklingar, samtök og aðrir sem athugasemdir gera, upplifi að á þau sé hlustað.**

Sumt af því sem Eldvötn og NSS benda á hér á eftir hefur áður komið fram, en er endurtekið nú til áréttingar.

### **Orkunýting**

Fyrsta skal nefna áformaða heimild til orkunýtingar innan Hálandisþjóðgarðs. Eldvötn og NSS ítreka áður fram komnar áherslur sínar á að „þróun og viðhald“ virkjana innan marka þjóðgarðsins megi **alls ekki krefjast frekara rasks á landi og náttúru en orðið er**. Engar frekari framkvæmdir vegna orkuvinnslu rýmist innan þjóðgarðs þar sem hugmyndin er að standa vörð um víðerni og landslag til framtíðar; hvorki nýframkvæmdir né endurbætur sem krefjast verulegs jarðrasks.

Samtökin leggjast alfarið gegn því uppleggi sem birt er í frumvarpsdrögum, að umfangsmikil virkjanamannvirki eigi að geta rúmast innan Hálandisþjóðgarðs – enda gengur slíkt á engan hátt upp við verndarflokkun Alþjóða náttúruverndarsamtakanna, IUCN, sem eiga sér samsvörun í náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Hér virðist eiga að fara „séríslenska leið“ á kostnað náttúruverndar. Slíkt er alvarleg gengisfelling á markmiðum hennar og getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á hugmyndir um náttúruvernd til framtíðar, innan sem utan þjóðgarða.

Á hér bæði við virkjanir sem þegar eru á hálendinu og þær sem heyra undir nýtingar- eða biðflokk 3. áfanga Rammaáætlunar. Eldvötn og NSS taka undir athugasemdir sem komið hafa fram þess efnis að virkjanir sem þegar eru innan hálendismarka skuli standa utan þjóðgarðs og afmarkast sem jaðarsvæði, með sterkum og skýrum kröfum um sjálfbærni og ítrustu aðgát gagnvart náttúrunni.

**Eldvötn og NSS telja mikinn tvískinnung í því fölginn að leggja Rammaáætlun 3 fram í óbreyttri mynd, með Skrokköldu í hjarta hálandisins í nýtingarflokki og ellefu aðrar virkjanir í biðflokki, og gera ráð fyrir áframhaldandi meðferð þeirra þar í framhaldinu.** Sé hálendið og víðernin þar svo mikils virði að um þau skuli stofnaður þjóðgarður er að mati samtakanna sjálfhætt við þessar virkjanir. Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur hins vegar látið í veðri vaka að standa beri vörð um Rammaáætlun og það verklag sem henni fylgir. Eldvötn og NSS benda á móti á að langt er liðið síðan verkefnisstjórn 3. áfangans skilaði lokaskýrslu sinni til ráðherra, þann 26. ágúst 2016, og á þeim tíma sem liðinn er hafa forsendur sumra kostanna sem þar voru flokkaðir breyst umtalsvert. Fráleitt er að láta úreldar, þriggja og hálfis árs gamlar niðurstöður standa óbreyttar. Þar sem ljóst er að hversu neikvæðar sem niðurstöður á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kunna að verða í framhaldinu, þá munu viðkomandi sveitarstjórnir þrátt fyrir það geta veitt leyfi fyrir framkvæmdum, hversu slæmar sem þær munu geta talist fyrir umhverfið. Af þeim sökum telja Eldvötn og NSS að umfjöllun um þá virkjanakosti sem færa má rök fyrir að breyttar forsendur séu fyrir, skuli teknar upp að nýju. Þetta er hér sagt vegna hinnar beinu tengingar við drög að frumvarpi um Hálandisþjóðgarð og þeirrar staðreyndar að Rammaáætlun 3 hefur áður í tvígang verið lögð fyrir Alþingi. Þar er samráðsferli vegna hennar lokið og verður ekki endurtekið, verði frumvarpið lagt fram í óbreyttri mynd af ráðherra.

Sérstök athygli er vakin á því að framangreindar ágengar framkvæmdir brjóta einnig í bága við náttúruverndarlög, en í 3. málsgrein 47. greinar þeirra segir að „Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist“. **Ófyrirgefanlegt er að ætla að veikja umrætt verndarákvæði laganna eins og útlit er fyrir að standi til að gera skv. drögum að frumvarpi um þjóðgarða og þjóðgarðastofnun, sem nú er einnig til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda.** Eldvötn og NSS gera mjög alvarlegar athugasemdir við þau áform og leggjast alfarið gegn þeim. Nái breytingarnar fram að ganga getur slíkt haft alvarlegar, ófyrirsjáanlegar afleiðingar; ekki aðeins gagnvart Hálandisþjóðgarði, heldur einnig núverandi þjóðgörðum og öðrum sem á eftir kunna að koma.

## Víðerni

Lítt eða ósnortin víðerni eiga verulega undir högg að sækja; ekki aðeins á Íslandi, heldur einnig um víða veröld. Sérstaða Íslands varðandi lítt eða ósnortin víðerni er einstök í Evrópu og ábyrgð okkar sem þjóðar mjög mikil í alþjóðlegu samhengi.

Í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 er ákvæði um verndarmarkmið þar sem segir að stefnt skuli að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins og í gildandi Landsskipulagsstefnu er þetta áréttað að því er varðar miðhálandi Íslands. Lögin hafa að geyma nýja skilgreiningu slíkra víðerna. **Þrátt fyrir það er Eldvötnum eða NSS ekki kunnugt um að kortlagning eða mat á mögulegri víðernaskerðingu innan Hálandisþjóðgarðs vegna virkjanahugmynda hafi átt sér stað. Við þetta gera samtökin athugasemd og beina því til stjórnvalda að úr þessu verði bætt til að hægt verði að fjalla um málið á ábyrgari og upplýstari hátt.**

Að auki telja Eldvötn og NSS mikilvægt að horft sé til þeirrar staðreyndar að hraðar breytingar eiga sér nú stað á náttúrufari og landslagi hálandisins vegna áhrifa loftslagsbreytinga á jökla. Ákvarðanir um nýtingu innan Hálandisþjóðgarðs til framtíðar þurfa að mati samtakanna að taka mið af þessu.

Eldvötn og NSS leggja ríka áherslu á að við skipulag Hálandisþjóðgarðs, þar sem stærstu víðerni landsins eru að finna, verði staðinn vörður um þau óbyggðu víðerni sem eru eitt af megin einkennum hins nýja þjóðgarðs.

## Friðlýsing og flokkun verndar

Eldvötn og NSS gera athugasemd við að svæðið sem um ræðir verði ekki friðlýst fyrr en við setningu reglugerðar. Samtökin telja réttara að ákvæði um friðlýsingu sé í lögnum sjálfum, þannig að hálendið verði verndað strax við gildistöku laganna. Friðlýsing á grundvelli síðar fram kominnar reglugerðar telja samtökin vera allt of áhættusama og hafi ekki þá festu sem nauðsynleg er. Ekki síst er þetta áriðandi vegna sam-/nábylis við virkjanir og ásókn framkvæmdaaðila í svæðið.

Hvað skiptingu í verndarflokka varðar ítreka Eldvötn og NSS áður fram komin rök þeirra fyrstnefndu fyrir því að þau svæði þjóðgarðsins þar sem hefðbundin nýting er heimil falli í flokk II, en að skrifað verði og fest í regluverk að hefðbundin nýting verði leyfð og að hún skuli vera sjálfbær. Einnig ítreka samtökin fyrri ábendingar Eldvatna um að áriðandi er að skoða rök fyrir friðlýsingarflokkun þegar friðlýstra svæða á hálendinu og uppfæra eftir þörfum.

## Miðhálandislína

Enn og aftur eru hér áréttáðar marg fram komnar athugasemdir Eldvatna varðandi miðhálandislínu, sem mörk fyrirhugaðs Hálandisþjóðgarðs eru í stórum dráttum miðuð við skv. frumvarpsdrögunum og „miðast í grunninn við línu dregna á milli heimalanda og afrétta“. **Ítrekað er að sú lína er úreld**, þ.e. hún var skilgreind við gerð svæðisskipulags miðhálandisins 1999-2015 og byggði á stöðu þjóðlenduúrskurða eins og þeir stóðu á þeim tíma. Á þeim tveimur áratugum sem síðan eru liðnir hafa svæði á jaðrinum verið úrskurðuð þjóðlendur; svæði sem m.t.t. náttúrufars og landslagsheilda eru óumdeilanlega hálandissvæði – og ættu skilyrðislaust að skilgreinast sem hluti miðhálandis Íslands.

**Samtökin benda á að við afmörkun Hálandisþjóðgarðs má ekki byggja á úreldum gögnum sem lýsa stöðu mála fyrir 20 árum síðan og láta eins og þau mörk séu meitluð í stein**, heldur þarf að uppfæra hálandismörk og láta þjóðgarðinn ná utan um allar þær þjóðlendur sem til hálandisins heyra með réttu. Færa þarf sterkari rök en fram hafa komið fyrir því að láta línuna óhreyfða og uppfæra hana ekki til nútíma. Í Skaftárhreppi varðar málið Álftaversafrétt austan Mýrdalsjökuls, en friðlýsing hans er áriðandi m.t.t. þess að standa vörð um þá víðfemu, einstöku landslagsheild sem hálendi Skaftárhrepps er og geymir jarðsögu mestu eldsumbrota í heiminum á sögulegum tíma. Slíkt er enda í fullu samræmi við verndarmarkmið laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi og Náttúruverndarsamtök Suðurlands áréttá mikilvægi þess að náttúruvernd verði ætíð höfð í heiðri við alla stefnumótun varðandi Hálandisþjóðgarð, að sjálfbær þróun verði ávallt höfð að leiðarljósi og að nýting innan þjóðgarðsins verði þannig ekki á kostnað þeirra náttúrugæða sem hann hefur upp á að bjóða. Samtökin leggja áherslu á að náttúruvernd er nýting í sjálfu sér.

Þá taka stjórnir beggja samtaka heils hugar undir fram komnar athugasemdir Landverndar, Snorra Baldurssonar og Guðmundar Harðar Guðmundssonar.

20. janúar 2020

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skafárhreppi og Náttúruverndarsamtök Suðurlands